

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðarkaupstaðar.

### 1. gr.

Bæjarstjórn felur bæjarráði öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta.

### 2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi bæjarins, sem metin eru fasteignamati og standa á lóð, er liggur að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn veitt úr vatnsveitu bæjarins.

### 3. gr.

Af íbúðarhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum, sem þannig er háttað, er segir í 2. gr., skal árlega greiða vatnsskatt er nemi 5% — fimm af þúsundi — af fasteignamatsverði húsanna, en af fasteignamatsverði annarra húsa skal greiða 2½% — tvo og hálfan af þúsundi.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald 1% — einn af þúsundi — af fasteignamati árlega, ef aukagjaldið er ekki ákveðið sérstaklega samkvæmt 4. gr.

### 4. gr.

Ákveða skal með gjaldskrá vatnsskatt fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og aðra slíka vatnsnotkun og enn fremur gjald fyrir vatn til skipa.

### 5. gr.

Gjaldldagi á vatnsskatti er 1. júlí ár hvert, en vatn til skipa greiðist um leið og afhending fer fram.

Vatnsskattur hefur lögtaksrétt og nýtur lögveðréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö ár eftir gjaldldaga með forgangsrétti fyrir samningsveði og aðfararveði.

### 6. gr.

Húseigendum ber að greiða kostnað við lagningu vatnsæða úr götuæðum bæjarins að húsum sínum og í þau. Bæjarstjórn löggildir menn, er hún telur hæfa og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og séu þeir skyldir að hlíta þeim reglum, er bæjarstjórn setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá vatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðunum.

### 7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

### 8. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett kunna að vera í samband við þær.

191

5. okt.

9. gr.

Skýlt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitu bæjarins og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

10. gr.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum í húsum eða hverfum, þyki þess þörf vegna viðgerða á vatnsveitukerfinu. Þá er og heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem í sambandi eru við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu, eða annað sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

11. gr.

Engum er heimilt án leyfis bæjarráðs eða þess, er bæjarráð felur umsjá með vatnsveitunni, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um vatnsveitu í Hafnarfirði, nr. 19 11. apríl 1918.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. október 1943.*

**Björn Þórðarson.**

*Páll Pálmason.*

192

5. okt.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Skógræktarsjóð Landbrots í Vestur-Skaftafellssýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. október 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógræktarsjóð Landbrots í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Skógræktarsjóður Landbrots“, og er stofnaður af Valgerði Helgadóttur í Hólmi í Landbroti, með 10000 — tíu þúsund — krónum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að efla og styrkja skógrækt í Kirkjubæjarhreppi í V.-Skaftafellssýslu, eftir þeim reglum, sem settar eru í þessari skipulagsskrá.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjón og vörzlu sýslunefndar V.-Skaftafellssýslu, sem ávaxtar sjóðinn á tryggn hátt og annast útborganir. Halda skal sérstaka gerðabók